

Mánudaginn 5. desember 1994 kl. 09:15

41. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 38/1994

**Erindi Ferðapjónustu bænda um
undanþágu til útgáfu á
viðmiðunarverðskrá.**

I.

Málsatvik.

Í erindi dagsettu 5. september sl. óska Félag ferðapjónustubænda og Ferðapjónusta bænda hf. eftir undanþágu til að gefa út viðmiðunarverðskrá fyrir bændur sem sinna ferðapjónustu.

Félag ferðapjónustubænda er hagsmunafélag bænda í ferðapjónustu, en Ferðapjónusta bænda hf. er hlutafélag sem starfrækir ferðaskrifstofu. Hluthafar eru Félag ferðapjónustubænda, einstaka bændur og starfsfólk ferðaskrifstofunnar. Hlutafélagið er lokað hlutafélag. Ferðapjónusta bænda hf. selur og markaðssetur gistiaðstöðu bænda bæði hér og erlendis.

Ferðapjónusta bænda hf. var stofnuð á árunum 1990 til 1991 og gefur út bækling með upplýsingum um bændagistingu. Ferðapjónusta bænda hf. semur um verð við hvern og einn þjónustuaðila og flokkar niður þjónustuna eftir aðstöðu. Fyrirtækið verðleggur þannig gistinguna og gefur út verðlista. Þennan verðlista er hægt að fá afhentan hjá ferðaskrifstofunni en einnig hjá öðrum aðilum svo sem Upplýsingamiðstöð ferðamála.

Í erindinu frá Félagi ferðapjónustubænda og Ferðapjónustu bænda hf. kemur fram að*"Einn helsti veikleiki í sölu ferðapjónustu á vegum bænda er að söluaðilum þykir hún vera erfið og flókin í sölu þar sem um er að ræða marga*

staði, breytilegt verð og lág sölulaun. Útgáfa viðmiðunarverðskrár er leið til þess að auðvelda sölu þjónustunnar og er upplýsandi fyrir neytendur".

II.

Niðurstaða

1.

Í 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 er kveðið á um að Samkeppnisráð geti veitt undanþágu frá bannákvæðum 10., 11. og 12. gr. laganna. Skilyrði slíkrar undanþágu eru að:

- a. samkeppni aukist á þeim markaði sem um ræðir.
- b. vænta megi að jákvæð áhrif samkeppnishamla vegi þyngra en ókostir þeirra við þær aðstæður sem um er að ræða.
- c. sérstakar ástæður séu fyrir hendi er varða almannaheill.

Í greinargerð með frumvarpinu, sem síðar varð að samkeppnislögum, er sagt um 16. gr. þess að skilyrðin sem sett eru fyrir því að veita megi undanþágu séu skýrari en í þeim lögum sem áður giltu. "Að megin stefnu verður undanþága því aðeins veitt með stöð í þessari grein að það geti betur stuðlað að tilgangi og markmiði frumvarpsins. Eða eins og í a.-lið segirsamkeppni aukist á þeim markaði sem um ræðir og í b.-lið vænta megi að jákvæð áhrif samkeppnishamla vegi þyngra en ókostir þeirra

Um heimildina til að veita undanþágu á grundvelli c.-liðar er það að segja að þetta er almenn heimild sem er sama efnis og c.-liður 24. gr. gildandi laga. Ákvæðið er almennt orðað og ógerlegt að segja við hvers konar aðstæður því kunni helst að verða beitt. Hitt er ljóst að eftir því sem bönn við samkeppnishömlum verða víðtækari því þrengri verða skilyrðin til að beita undanþáguákvæðum á borð við þau sem er að finna í þessari grein frumvarpsins."

Í meðförum Alþingis bættist 2. mgr. við 16. gr. samkeppnislaga frumvarpsins og þrengdi hún í raun svigrúm samkeppnisráðs til að veita undanþágu frá bannákvæðum laganna. *"Undanþágur samkvæmt þessari grein mega ekki hamla samkeppni meira en nauðsynlegt er og geta þær bæði verið ótímabundnar eða veittar tímabundið. Hægt er að setja skilyrði fyrir undanþágu."*

2.

Á fundi með framkvæmdastjóra Ferðapjónustu bænda hf., Paul Richardson, kom fram að 130 bændur með um 2000 gistirúm eru innan Félags ferðapjónustubænda og eru þeir um 75% ferðapjónustubænda. Gistirúm hjá félögum í Félagi ferðapjónustubænda eru um 18.9% af gistirúmum hjá hótelum, gistihúsum, farfuglaheimilum og bændagistingu. Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálaráði Íslands voru 10.600 gistirúm hjá þessum aðilum sumarið 1994. Ótalin er gisting svo sem í heimahúsum og aðrir gistimöguleikar sem bjóðast ferðafólki til kaups.

Gefinn er út verðlisti fyrir þá þjónustu sem Ferðapjónusta bænda hf. selur og telja ofangreindir aðilar það vera blekkingu ef haldið er fram að þessi verðlisti sé ekki notaður sem viðmiðunarverðlisti fyrir þá þjónustu sem bændur selja sjálfir. Ferðapjónustubændur sækja þess vegna um undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gera þessa útgáfu á verðlista og notkun löglega.

Ferðapjónustubændur hver um sig skipta ekki aðeins við Ferðapjónustu bænda hf., vegna sölu á þjónustu, heldur einnig beint við viðskiptavini og aðrar ferðaskrifstofur. Ekki er vitað nákvæmlega hve mikill hluti sölunnar fer fram hjá Ferðapjónustu bænda hf.

Útgáfa verðlista þess sem Ferðapjónusta bænda hf. gefur út til nota fyrir viðskiptavini ferðaskrifstofunnar brýtur ekki í bága við samkeppnislög og er því ekki unnt að banna útgáfu hans. Samræmd notkun annarra en ferðaskrifstofunnar á þessum verðlista brýtur hins vegar í bága við ákvæði 10. gr. samkeppnislaga og hvatning Félags ferðapjónustubænda til notkunar á verðlista brýtur gegn ákvæði 12. gr. laganna.

Samkeppnisráð telur viðmiðunarverðlista sem gefinn yrði út af Félagi ferðapjónustubænda vera til þess fallinn að draga úr samkeppni á þeim markaði sem um ræðir. Ráðið telur hins vegar að útgáfa félagsins á upplýsingabæklingi um þjónustu og verð hvers einstaks ferðapjónustubónða rúmist innan ákvæða samkeppnislaga, enda sé verðið ákveðið af hverjum einstökum bónda.

3.

Ákvörðunarorð:

"Þegar fyrirtæki eða samtök þeirra óska eftir undanþágu frá þeim ákvæðum samkeppnislaga sem fela í sér bann við tilteknum samkeppnishindrunum þurfa þau með óyggjandi hætti að sýna fram á að undanþága þeim til handa sé í samræmi við þau undanþáguskilyrði sem samkeppnislög setja. Almenn lögskýringarsjónarmið leiða til þess að túlka beri þröngt ákvæði um heimildir til að veita undanþágu frá bannákvæðum í lögum.

Samkeppnisráð telur ekki að Félag ferðapjónustubænda og Ferðapjónustu bænda hf. hafi sýnt fram á það í þeim gögnum sem hafa verið afhent að erindi um undanþágu til útgáfu viðmiðunarverðskrár fyrir bændur sem sinna ferðapjónustu uppfylli skilyrði 16. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 sem sett eru fyrir undanþágu frá bannákvæðum 10., 11., og 12. gr. laganna. Ekki hefur verið sýnt fram á að hún sé nauðsynleg til að vernda neytendur, lækka verð eða auka gæði þeirrar þjónustu sem um er að ræða. Ekki verður því séð að betur verði stuðlað að tilgangi og markmiði laganna með því að veita undanþáguna. Samkeppnisráð telur að undanþága til útgáfu á viðmiðunarverðskrá dragi fremur úr möguleikum á samkeppni á þeim markaði sem við á.

Samkeppnisráð telur ekki efni til að veita Félagi ferðapjónustubænda og Ferðapjónustu bænda hf. undanþágu frá 10. gr. og 12. gr. samkeppnislaga 8/1993."

Fylgirit:

- Fylgirit 1. Erindi Félags ferðapjónustubænda og Ferðapjónustu bænda hf. dags. 5. september 1994.
- Fylgirit 2. Samningur Félags ferðapjónustubænda og Ferðapjónustu bænda hf.
- Fylgirit 3. Verðlisti Ferðapjónustu bænda hf. sumarið 1994.